


# Lífgeislur



Tímarit um lífsambönd við aðrar stjörnur

17. tbl. Júní 1978



Vér þurfum að vita af lífinu á öðrum jörðum alheimsins, og leita sambands við það.

*Helgi Pjeturss*

# Ljómþokan mikla í Orion

(Sjá forsíðumynd)

Er við rennum augum yfir stirnda himinhvelfinguna á heiðskírur vetrarkvöldum, stöldrum við ósjálfrátt við það stjörnumerkið, sem einna mest er áberandi vegna fegurðar þess og margra bjarttra stjarna, en það er Veiðimannsmerkið (Orion, hinn mikli risi, sem var sonur sjávarguðsins Poseidons, samkvæmt grískri goðsögn). Í miðju þessa stjörnumerkis eru fjósakonurnar (belti Orions), sem flestir munu þekkja. Neðan við þær eru fjósakarlarinnir (einnig nefndir sverð Orions), en þar er að finna eina fegurstu og mestu ljómþoku, sem þekkt er og er hún oft nefnd sverðþokan, vegna þess að hún er í miðju sverði risans mikla, Orions.

Þvermál sverðþokunnar er um 20 ljósár, og talið er að allt efnismagn hennar sé mörg hundruð sinnum meira en efni sólarinnar. Hún er nær því hnattlaga, þéttust í miðju en þynnist út á við. Í miðju þessarar þoku eru margar mjög bjartar og heitar sólstjörnur og fær þokan ljóma sinn frá þeim. Fjarlægð hennar er um 1500 ljósár, og telja stjörnufræðingar að hún sé tiltölulega ung, jafnvel telja sumir hana ekki öllu eldri en 25 þúsund ára, og er það í sjálfu sér mjög merkileg niðurstaða.

Þarna er samankomið geysimikið geimefni, sem sennilega verður uppistaðan í fjölmörg sólhverfi, sem myndast munu er tímar líða, og verða heimkynni lífs. Enda álíta vísindamenn að þarna eigi sér stað mjög hröð myndun nýrra stjarna.

Stjörnufræðingurinn Fred Hoyle hélt því fram fyrstur þekktra vísindamanna að sífelld nýsköpun geimefnis og stjarna ætti sér stað víða í alheimi. Kemur þetta álit hans vel heim við þá niðurstöðu dr. Helga Þjeturss að hinn mikli verundur sé óendanlegur og af því að hann sé óendanlegur, bæti hann alltaf við sig. Og má vel láta sér skiljast, að þessi aukning á jafnt við um efni og líf.

*Ingvar Agnarsson.*

# Erindi og greinar

## FRAMHALD HINNAR ÍSLENZKU FORNSAGNARITUNAR

### I.

Það virðist vera ríkjandi skoðun, að til bókmennta teljist einungis skáldrit, og er það þó mikill misskilningur. Er þess þar fyrst að geta, að sumt, sem ekki telst til skáldskapar, getur verið læsilegt ekki síður en skáldskapur. En hins ber þó meir að minnast, að mörg þau rit, sem allramesta þýðingu hafa haft, voru ekki skáldskapur eða skáldrit. Má þar til nefna sum hin ágætustu heimspeki- og vísindarit, en hér á landi munu það vera hinar fornu Íslendinga-sögur, sem mesta þýðingu hafa haft fyrir þjóðina.

Nú vil ég þegar taka það fram, að mér kemur ekki til hugar að fara að lasta skáldin og verk þeirra. Allt frá hinni frægu fornöld hafa skáldin öðrum fremur verið þeir vakendur, sem forðuðu þjóðinni frá því að týna sér. Meðan myrkrið grúfði sem mest yfir, voru það helzt þau, sem varðveittu þá glóð, sem ekki mátti deyja. Og þegar nóttinni tók að halla, voru það framar öðrum skáldin, sem fyrst vöktu athygli á því. „Hann Jónas sá morguninn brosa við brún,“ sagði Þorsteinn Erlingsson. Og áður var það Eggert Ólafsson, sem benti á dögunina.

En eins og ég sagði, þá er nú sá tími kominn, að ekki sé einungis til skáldanna horft. Það mætti að vísu teljast gleðiefni, að hér væru nú orkt þau ljóð og samdar þær skáldsögur, sem til jafns kæmu við það, sem bezt er í þeirri grein gert hjá öðrum þjóðum. En þar með er þó ekki markinu náð. Hinar fornu sögur Íslendinga voru nokkuð, sem hvergi átti sinn líka samtímis, og framhald þeirra væri því ekki einungis að gera til jafns við aðrar þjóðir. Framhald hinnar fornu söguritunar, sem engan sinn líka átti í sinni tíð, er ekki skáldskapur fyrst og fremst, heldur, að hér skapist sá

skilningur á tilverunni, sem ekki er annar staðar og ekki hefir annarsstaðar fram komið áður. Og það, sem ég sérstaklega vildi hér vekja athygli á, er, að hér er nú einmitt um slíkt að ræða. Hvort sem mönnum líkar það betur eða ver, þá er raunveruleikinn sá, að hér hefir komið fram annar og miklu stórkostlegri skilningur á tilverunni en nokkursstaðar kemur nú fram annarsstaðar eða hefir komið fram áður. Um leið og það tækist að kynna fólki rit dr. Helga Pjeturss, tækist að kynna því þá heimspeki, sem miklu hærra rís og með allt öðrum hætti en nokkur heimspeki samtíðarinnar. Með heimspeki dr. Helga Pjeturss hefst hann því loks aftur, hinn stóri stíll í íslenskum bókmenntum, sá stíll, sem með réttu má telja framhald hinnar fornu sögurítunar.

## II.

Þess skal þá fyrst geta um dr. Helga, að hann var náttúrufræðingur að menntun og að hann reyndist í skóla vera með allra fremstu námsmönnum. Var það einkum jarðfræði, sem hann lagði stund á, og er ástæða til að minna á það, að þar var ekki einungis um lærdóm að ræða. Fyrir raunsærri athuganir en áður höfðu verið gerðar varðandi ákveðna bergtegund hér á landi komst hann að óvæntri jarðfræðiniðurstöðu, sem treglega gekk þó að fá viðurkennda. Er einmitt ástæða til að minna á þetta, áður en vikið er að hinum öðrum uppgötvunum hans, sem enn hafa ekki hlotið viðurkenningu fræðimanna. Vegna þess, að þessi jarðfræðiuppgötvun hans var mjög óvænt, vegna þess að þar var um undirstöðuuppgötvun að ræða, sem breytti að verulegu leyti skilningi fræðimanna á sköpunarsögu landsins, var henni fálega tekið af beim og jafnvel fjandsamlega, og þarf því ekki að undrast, þó að hinar síðari uppgötvunir hans og hinar meiri hafi enn ekki verið viðurkenndar. Slíkt er í rauninni ekki annað en það, sem við mátti búast. En er nú ekki samt kominn tími til þess og fullgild ástæða, að menn fari að hætta að vera alveg sannfærðir um, án þess að hafa rannsakað málavexti, að maður, sem vitað er nú að gert hafi undirstöðuuppgötvun á einu sviði, geti ekki hafa gert slíkt á enn öðru, og það þegar hann segist nú einmitt hafa gert það? Jafnvel þó að fljótlega megi sjá, að sumar aðalniðurstöður hans í þessum efnum séu ekki í samræmi við sumar hinar ríkjandi hugmyndir eða hugmyndaleysur, þá er nú af því, sem á undan er farið, mikil ástæða til þess, að menn, og þá ekki sízt fræðimenn, hætti að láta það lengur með öllu ógert að kynna sér málavexti. Og hér er það

nú, að maður, sem ber að vísu ekki neinn lærdómsstimpil, segir, eftir að hafa raunverulega rannsakað þessi efni og hugleitt vel, að þar sé um raunverulegar uppgötvanir að ræða. Eftir að hafa í tugi ára athugað drauma sína og stundum annarra eftir sögusögn þeirra, þá fullyrði ég það, að skilningur sá, sem dr. Helgi taldi sig hafa öðlzt á eðli þeirra, er í alla staði réttur. Þrátt fyrir það þó að sálfræðingar og aðrir hafi ekki áttað sig á því enn, þá er undirrótin að hverjum einasta draumi sú, að hinn sofandi maður hefir fengið samband við einhvern annan. Draumlíf eins er ævinlega að undirrót vökulíf annars. Og að þessari niðurstöðu komst dr. Helgi á alveg jafnvísindalegan hátt og hann komst að hinum jarðfræðilegu uppgötvunum sínum. Hann komst að þessu um draumana vegna þess eins, að hann athugaði þá á raunverulegri hátt en nokkur hafði athugað drauma sína áður. Í stað þess að gera sér einhverjar fyrirframbugmyndir byrjaði hann á að rannsaka sjálfa draumana og gera sér grein fyrir því, sem þar er. Og niðurstaðan varð ekki einungis þetta, sem þegar var að vikið, að draumlíf eins sé ævinlega að undirrót vökulíf annars, heldur einnig, að þessi annar sé oftast eða jafnvel að nokkru leyti íbúi annarrar jarðstjörnu.

### III.

Eins og kunnugt er, þá hefir ýmsum komið í hug, að víðar hljóti að vera líf en á þessari einu reikistjörnu, sem jörðin er. Enda væri það miklu furðulegra, að svo væri ekki. Þetta, að víðar hljóti að vera reikistjörnur en þær, sem tilheyra þessari sól, og að víðar hljóti því að vera líf en hér, það er í rauninni svo sjálfsagt, að mikil furða mætti heita, ef nokkrum manni þætti það ólíklegt. En með skilningi þeim, sem dr. Helgi gerði sér á eðli og undirrót draumanna, fer þetta að komast á svipað stig og þegar leiðin fannst til þess að geta farið að rannsaka efni stjarnanna. Eftir að það uppgötvaðist, að ljósið segir til um það, hvaða efni er í stjörnunum eða yfirborði þeirra, var fyrst unnt að fara að tala um stjarnefnafræði. Lífsambandið á milli stjarnanna, sem í rauninni er alveg jafnsjálfsagt og sambönd ljóss og seguls, uppgötvaðist fyrst með uppgötvun draumeðlisins, sem reyndar ræðir ekki nema um einn þátt þess, sem gerist, þegar sofið er. Þar kemur einnig til greina það, sem nefnt hefir verið miðilssamband og stundum hefir sannast, að var við einn eða annan framliðinn mann. Og það, sem dr. Helgi gerði sér þar ljóst, var á þá leið, að miðilssvefninn væri í rauninni sama eðlis og vanalegur svefn, og væri þó ef til vill betra að orða þetta

hér á hinn veginn. Vegna þess, að það er víst ekki alfjarri fólki að líta svo á, að miðilsástand sé sambandsástand, væri ef til vill skilningsvænlegra að segja, að vanalegur svefn sé að mestu sama eðlis og miðilssvefn. Og þar mátti nú gera sér með nokkuð öðrum hætti grein fyrir sambandinu. Í stað þess, að hjá vanalega sofandi manni fæst ekki viteskja um draumlíf hans fyrr en eftir á þegar hann er vaknaður, geta þeir, sem staddir eru hjá hinum sofandi miðil, fengið af vörum hans frásögn af því, sem er að gerast í draumheimi hans. Eða með öðrum orðum, í stað þess eftir á að rifja það upp, sem fyrir manni bar í svefninum, eða réttar sagt draumgjafann, geta þeir, sem staddir eru hjá miðlinum, talað beint við draumgjafa hans. Og hér fór nú fleira að verða ljóst og skiljanlegt, sem ekki hafði verið það áður. Þannig fór það nú að liggja ljóst fyrir, hvernig tilkomnar eru sumar goðsögur og annað það, sem sagt er af í ýmsum innblásnum ritum. Eins og atburðir og sýnir draumanna, eins og það, sem sambandsvera miðilsins segir af lífi sínu eftir dauðann, þannig sá dr. Helgi, að goðsögurnar voru meira og minna aflagaðar lýsingar á því, sem gerzt hafði eða átt sér stað á öðrum hnöttum.

#### IV.

Það kann nú sumum að finnast undarlegt, að þessi fræðsla um bústaði hinna framliðnu manna skuli ekki fyrir löngu hafa komið í gegn á miðilsfundum eða þá fyrir innblástur, og er því þá fyrst að svara, að þetta hefir þegar margsinnis og fyrir löngu komið fram, þó að varla hafi það verið nema óbeinlínis. Í hinum spíritisku ritum er mjög oft verið að lýsa því, sem auðsæilega er líf á öðrum jarðstjörnum, og er í Nýalsritum dr. Helga víða bent á þá staði. En hvers vegna þetta hefir ekki getað komið fram öðruvísi en óbeinlínis, verður fyrst ljóst af því, sem nú skal sagt.

Eftir að dr. Helgi hafði gert sér ljóst sambandseðli svefnisins og draumanna, fór hann að veita því athygli, að draumsambönd hans fóru eftir því, hverja hann umgekkst. Það, að hann gat sjálfur ekki ráðið draumsamböndum sínum, gerði hann sér fyrst ljóst. En svo komst hann að því fyrir athugun, að það voru aðrir, sem réðu þessu, þó að óafvitandi væri. Hann fann, að góðir menn og vitrir sköpuðu honum góð draumsambönd, en á hinn veginn þeir, sem lakari voru. Nefndi hann þetta stillilögmál, og komst brátt að því, að það gilti alveg eins varðandi samband miðilsins. Og hér er hún skýringin á því, hvers vegna það gat aldrei tekizt, nema óbeinlínis

og ófullkomlega, að koma hinum miklu sambandssannindum fram gegnum miðla eða sem opinberun. Til þess að slíkt mætti takast, varð ákveðin þekkingar- og skilningsundirstaða að vera fyrir hendi, einmitt þessi þekkingar- og skilningsundirstaða, sem ekki var til, en loks hefir nú verið borin fram. Hin ríkjandi andatrú og þetta, hve fjarri mönnum það jafnan hefir verið að hugsa um stjörnur, kom í veg fyrir, að nokkur bein fræðsla um þetta gæti komið í gegn. Hinn ófullkomni skilningur manna á tilverunni kom í veg fyrir það, að sambönd gætu nokkurntíma, nema ófullkomlega, tekizt við aðra en þá, sem voru á líku þekkingar- og þroskastigi og hér var verið. Og meðan menn vissu ekki einu sinni þetta, vissu ekki af stillilögmálinu og áhrifum þess, þá gátu hér ekki orðið neinar framfarir í þessum efnum. Til þess að hið rétta gæti komið í gegn, varð viðtakandinn að hafa skapað undirstöðu þess, og án þess, að einhver byrjunarskilningur væri fundinn, gátu framfarirnar ekki orðið. Hin rétta byrjun er undirstaða framfaranna, og það má því nokkurnveginn ganga að því vísu, að þar sem ekki urðu framfarir, hafi hin rétta byrjun ekki verið fundin. Án þess að vera á framfaraleið, getur enginn verið á hinni réttu leið.

## V.

Mönnum er nú svo sem vonlegt má kalla farið að stíga til höfuðs, hve langt þeir eru komnir í því að færa sér í nyt hin ýmsu öfl náttúrunnar. Hin tæknilega geta þeirra er mikil orðin samanborið við það, sem var fyrir ekki löngu, og er það að þakka aukinni þekkingu þeirra í mörgum greinum. En þegar þess er gætt, hve skammt er síðan menn vissu ekki sumt, sem nú þykir alveg sjálf-sagt að vita, þá mætti láta sér koma í hug, að enn sé þó þekking þeirra aðeins í bernsku, og má jafnvel segja, eins og ég vék að hér að framan varðandi það, sem engar skilningsframfarir hafa orðið á, að hún hafi ekki einu sinni náð bernskustigi. Það er ekki langt síðan menn vissu það fyrst, að þeir eiga heima á einni af stjörnum himinsins. Fyrir daga Kopernikusar, sem uppi var fyrir aðeins 400 árum, höfðu menn ekki gert sér grein fyrir sólhverfinu, vissu ekki að reikistjörnur ganga kring um sólu en ekki kring um jörðu, og fyrir daga Brúnós, sem líflátinn var árið 1600, höfðu menn ekki svo vitað sé, gert sér grein fyrir því, hvað fastastjörnur eru. Heimurinn er óendanlegur, sagði Brúnó, og fastastjörnur eru sólar, sem svífa um geiminn svo fjarri, að hreyfing þeirra verður ekki greind, jafnvel þó að aldir líði. Og þótt skammt megi

heita, síðan þetta var hugsað hér á jörðu, þá er þó enn styttra, síðan menn fóru nokkuð að ráði að átta sig á því, sem að lífinu lýtur. Þannig eru nú ekki nema um 150 ár síðan þeir Lamark og Goethe komu fyrst fram með þá kenningu, að lífið hafi hér þróast fram af lítilli byrjun, og var þó lengi, að sú kenning sigraði ekki. Sigur hennar vannst ekki fyrr en með Darwin, eða fyrir aðeins tæpri öld. Og nú er þrátt fyrir margt, sem áunnizt hefir í þekkingar-átt síðan þessir ágætu frumherjar vitkunarinnar voru uppi að sumu leyti farið að halla undan fæti aftur. Sumt í efnum vits og vísinda stefnir ekki rétt, og mundi leiða til innilokunar og afturhvarfs, ef því yrði ekki hrundið. Og fullkomlega er mér það nú ljóst, að það eru einmitt þessi íslenzku vísindi, sem öllu öðru fremur mættu þar spyrna gegn undanhaldinu. Það er uppgötvunin á lífsambandinu á milli stjarnanna, sem ein megnaði að halda opinni leið fram hjá öllum innilokunarmúrum til æ meiri skilnings.

## VI.

Öll tilvera er einstaklingstilvera og sambönd einstaklinga. Að gera sér þetta ljóst er að gera sér ljósa undirstöðu hinnar íslenzku heimspeki, og verður ekki annað sagt en að sú undirstaða sé auðskilin og einföld. Án einingjanna geta engin sambönd átt sér stað og án sambanda engir einingjar. Það hefir aldrei neitt orðið til, sem ekki hefir orðið það fyrir sambönd við annað, og hlýtur þannig frumorsök alls að vera sú, að tilveran sé óendanleg. Án óendanleikans vantaði sérhvað eitt frumorsök sína, og skal nú í fáum dráttum segja frá þætti í óendanlegri sögu.

Vegna þess, að tilveran hlýtur ævinlega að eiga sér stað einungis á þann hátt, sem vikið var að, kemst hún ekki hjá því að sækja fram til aukningar. Sambönd hluta geta ekki átt sér stað án hreyfingar eða atburða, og fyrir hreyfinguna verður til saga, sem skráir sig þannig, að til verða nýir einingjar og ný sambönd. Hvarvetna í hinum óendanlega heimi sækir verðandinn þannig fram, að nýir einstaklingar verða til eins og bókstafir í sögu, sem verið er að skrá. Og þetta er það, sem liggur að því, að nýjar heimspokur efnast og þróast fram. Sjálft lífið heimtar það, að ný heimshverfi hljóti æ að verða til, sólhverfi, vetrarbrautir og vetrarbrautir vetrarbrauta. Er ástæða til að ætla, að hvert veldið taki þannig við af öðru í hið óendanlega, hver endanleg stærð sé þáttur í annari miklu stærri. Og þannig þykir mér ástæða til að ætla að sé um kraftinn eða samböndin. Einnig þar verður að ætla, að hvert kraft-



veldið taki við af öðru hvað dýpt og víðtæki snertir. Þannig gæti ég hugsað mér, að hinn líflausi kraftur, ljós og segull, takmarkist við vetrarbraut vetrarbrauta, en að með lifnuninni sé um að ræða hafning til ósegjanlega miklu meira víðtækis ásamt tilsvarendi aukningu á hraða geislunarinnar. Með lifnuninni verður hafning til annars kraftveldis og æðra, þar sem takmarkanir hins líflausa eru yfirstignar. Og hér blasir það við, sem verið hefir svo fjarri mönnum að vita, að lífið er heimsmagn fremur en nokkurt magn annað, sem vitað er um. Í stað þess að líta á það sem mjög þýðingarlítið fyrirbæri heimsfræðilega séð, blasir hér við, að það standi að smíði sólhverfa og vetrarbrauta, og er það nú að vísu í góðu samræmi við þá trú, að guð hafi skapað heiminn. Án þeirra tengsla, sem lífgeislinn einn getur skapað milli hinna stærri heimshverfa, gæti sá heimur, sem við þekkjum, ekki hafa orðið til. Og hvað skyldi þá ekki mega ætla um dýpt lífskraftarins og megin? Skyldi þar ekki fremur en hjá nokkrum öðrum krafti vera um þrotlausa möguleika að ræða?

## VII.

Eins og ég vék að hér í upphafi, þá eru það hinar fornu Íslendingasögur, sem framar öðru hér hafa gert garðinn frægan, og er hitt þó enn mikilsverðara, hve mikla þýðingu þær hafa haft fyrir varðveizlu þjóðernis og menningar. En þó að sú hafi orðið raunin, þá virðist svo sem höfundum þeirra hafi ekki mikið verið þakkað, meðan þeir lifðu. Um og eftir þeirra daga hlaut það miklu meira fylgi en þeirra starf, sem útlent var eða miður íslenzkt. Og hefir nú ekki sú saga verið að endurtaka sig? Um þetta framhald hinnar fornu söguritunar, sem hér hefir lítilsháttar verið vikið að, má segja að farið hafi nokkuð líkt, enn sem komið er. Um flestar bókmenntir hefir verið meira rætt og ritað en hina íslenzku heimspeki, og er þar sem fyrr hið ríkjandi menntavald, sem ræður.

Eftir að hinar fornu sögur voru skráðar, tók ört að halla undan fæti fyrir íslenzku þjóðinni, og kynnu nú einhverjir að sjá fram á, að slíkt hafi að einhverju leyti stafað af því, að sá andi, sem birtist í ýmsum hinum ágætustu fornsögum, var látinn víkja fyrir hinum útlenda átrúnaði og myrkravaldi. En þótt illa færi eftir niðurfall hinnar íslenzku fornsnilli, þá myndi að þessu sinni fara miklu verr, ef Íslendingum auðnaðist ekki að átta sig á hinu raunverulega framhaldi hennar í nútíð. Í stað þess að láta æ undan síga í 600 sumur, eins og Jónas komst að orði, og rétta svo við í bili að

nokkru fyrir fulltingi fornsagnanna, eða anda þeirra, mundi nú verða hrapað svo, að ekki yrði frammar um endurris að ræða.

Lífið eins og maður þekkir það hér á jörðu er vanmagna og ófullkomið. Svo voldugt sem lífið annars er í sínu innsta eðli og ofurmegnugt, er það hér einungis á því stigi að geta mistekist til fulls, þar sem sjúkdómar eru og hatur, ófriður, sviksemi, sorgir og vonbrigði, þar er lífið ekki komið af leið hinnar hæpnu tilraunar. Ósamstillt líf eins og er hér á jörðu, hlýtur hvarvetna að vera vesalt líf og í námunda við það að farast. En hvað væri það þá, sem bæta mætti samstillinguna á milli lífendanna og gera lífið þannig máttugra og fegra? Byrjunin til þess væri sú, að menn lærðu betur að átta sig á tilverunni en þeir hafa gert. Einungis af því að sjá hið rétta gætu menn orðið samhuga og samtaka. Og hér er nú um það að ræða að þiggja mikilsverðar leiðréttingar og að þiggja hjálp og kraft þaðan, sem í sannleika er lifað. Og vilji nú einhverjir efast um, að slík hjálp sé í rauninni til eða máttugra líf en það, sem hér þekkist, þá er því fljótsvarað. Án þess, að um slíkt sé að ræða, hefði hér aldrei orðið nein hafning til lífs.

*Þorsteinn Jónsson á Úlfstöðum.*

*(Erindi sem samið var og flutt fyrir mörgum árum).*

## LÍFGEISLALÆKNINGAR

Fyrir nokkrum árum átti ég tal við konu eina, sem nokkuð fékkst við huglækningar. Fór samtal okkar fram á þessa leið, þótt ekki sé það orðrétt:

### I.

I. Viltu segja mér eitthvað frá starfi þínu og hvernig það fer fram?

S. Já, ég tek á móti sjúklingum, þótt ekki stundi ég þetta reglulega.

I. Viltu lýsa fyrir mér einhverju ákveðnu atviki?

S. Ég skal segja þér frá ákveðnu dæmi, og hef þá ákveðinn sjúkling í huga. Hann kom og settist á stól gegnt mér. Andlegur læknir, sem starfar með mér, kom og fór að athuga sjúklinginn, og jafnframt athugunum hans skynjaði ég hvað amaði að sjúklingnum.

I. Sástu hvernig lækning fór fram, eða hvaða aðferðum var beitt?

S. Já, þegar athugun hafði farið fram á sjúklingnum komu fleiri læknar og eitthvað af hjúkrunarfólki. Og þau breyttu stofunni minni í lækningastofu, eins og þær eru á spítölum, með borðum og tækjum og margvíslegum útbúnaði. Þeir lögðu sjúklinginn minn upp á borð eða bekk. Þeir komu með áhöld og gerðu á honum aðgerð. Ekki sá ég hvað þeir gerðu. Læknarnir voru hvítklæddir og eins hjúkrunarkonurnar. Síðan beindu þeir einskonar ljósalampa að honum um stund. Og á eftir gáfu þeir honum sprautu. Ekki veit ég hvað þetta stóð lengi. Mér fannst þetta vara góða stund. Svo breyttist þetta allt aftur, og stofan mín varð, eins og hún áður var.

I. Áður en lækning hófst sat sjúklingurinn í stól fyrir framan þig. En svo sást þú læknana setja hann upp á borð eða bekk. Mig langar að spyrja: Varð þér nokkuð litið á stólinn, þar sem maðurinn átti að sitja, á meðan á aðgerðinni stóð?

S. Nei, mér datt nú ekki í hug að gá að því.

I. Gæti komið til mála, að maðurinn hafi setið í stólnum eftir sem áður?

S. Ég get ekkert sagt um það. Ég veitti því enga eftirtekt. Ég horfði bara á það, sem fram fór hjá læknum.

I. Varst þú áreiðanlega vakandi, á meðan á þessu stóð?

S. Já, það tel ég alveg víst, því ég vaknaði ekki á eftir, ég var vakandi.

I. Heldur þú, að þú hafir horft á þetta með opnum augum, eða er hugsanlegt, að þú hafir haft augun aftur?

S. Þetta get ég nú ekki sagt um með neinni vissu, því mér datt ekki í hug að prófa þetta sérstaklega. En ég hef orðið þess vör, að stundum sé ég með lokuð augu.

I. Gæti hugsast að eitthvert mók hefði komið yfir þig, á meðan á þessu stóð?

S. Ekki tók ég nú eftir því, en þó skal ég ekkert um það fullyrða. Mér fannst ég vera með fullri vitund. En mér datt samt ekki í hug að gera þessar athuganir, sem þú talar um. Líklega hef ég ekkert hugsað.

I. Varð sjúklingurinn þinn nokkuð var við, að hann væri lagður upp á borð, og að aðgerð færi fram á honum?

S. Nei, ekki var það í þessu ákveðna tilviki, en stundum verða þeir varir við þetta.

I. Fékk þessi sjúklingur bata?

S. Já, honum batnaði miklu fljótar en hægt hefði verið að gera ráð fyrir annars. En sumum hefur batnað þannig, að kraftaverk má kallast.

I. Er það oft sem lækarnir breyta stofunni þinni í lækningastofu?

S. Já, það kemur oft fyrir en ekki nærri alltaf.

I. Er þá þessi lækningastofa alltaf eins að útliti, eða er hún stundum eitthvað öðruvísi útlits?

S. Oftast er hún eins, að ég held, en stundum finnst mér hún vera eitthvað öðruvísi útlits.

I. Sést nokkurntíma merki á líkama sjúklings eftir slíka aðgerð?

S. Já, það kemur oft fyrir, stundum sjást eins og stungur eftir nál, og stundum sjást rispur eins og eftir skurð. Þessi merki hverfa oftast mjög fljótt. Þau koma fram á líkama sjúklingsins, þar sem þeim finnst, að lækarnir hafi gert aðgerðir sínar. Og það ber einnig oftast saman við þann stað líkamans, sem þrautin var í.

I. Hvernig er þinn skilningur á þessum aðgerðum og þessum fyrirbærum?

S. Ég held að þessir andlegu læknar og andlegu hjálpendur komi, og gerí sínar lækningaaðgerðir á sjúklingnum. Og þetta er líka það, sem sjúklingnum sjálfum finnst, þeim finnst vera átt við sig og stundum finna þeir einhvern sársauka, þó oftast lítinn. Og örín, sem sjást á líkama þeirra stundum, finnst mér vera merki þess, að lækni-aðgerð hafi farið fram.

## II.

Mér þótti frásögn þessarar konu, sem stundaði huglækningar, mjög athyglisverð. Ég þekki hana að því, að vera áreiðanleg í allra besta lagi enda er það álit allra, sem hana þekkja. Hún mun aldrei segja annað en það, sem hún veit réttast. Ég efast ekki um, að hún segir frá sýn sinni og reynslu, eins og hún kom henni fyrir sjónir.

Mun ég nú gera nokkra tilraun til skilningsauka á þeirri frásögn, sem hér var skráð, og beita til þess skilningsundirstöðu dr. Helga Pjeturss, á eðli lífgeislunar.

Sjúklingur kemur til huglæknis, til að leita hjálpar við meinum sínum. Huglæknir getur enginn verið annar en sá, sem kærleika ber til náunga síns. Þegar nú sjúklingur kemur til hans, fyllist huglæknirinn samúð og samkennd til hins sjúka. Hann óskar þess mjög að geta orðið honum að liði. Hann veit af fyrri reynslu, að hann hefur samband við hjálpendur, sem standa okkur mönnum frammar að góðvild og mætti, og hann veit, að þeir vilja allt gera, til að hjálpa hinum sjúka manni.

Þetta hugarfar huglæknisins er forsenda þess, að vel megi takast. Hann kemst í allnáð samband við lengra komna vini, sem vilja lækna og lina þjáningar, og hafa líka til þess mátt og getu ef skilyrði eru fyrir hendi.

Þessir lengra komnu hjálpendur munu eiga heima á einhverri annarri jörð annars sólhverfis, þar sem samstilling og máttur íbúanna er miklum mun meiri, en hér á jörð gerist, og einnig sækja þeir orku til enn máttugri mannkynja á enn öðrum stjörnum geimsins. Því einungis mun lífs að leita á óendanlegum stjörnugrúa óendanlegs alheims. Og lífgeislinn er sá máttur, sem tengir saman allar lífandi verur, hvar í alheimi sem eru, og gerir hinum æðri kleift að senda hjálp og lífmagnan til þeirra, sem hjálpar þurfa og illa eru settir. Og fjarlægðir geimsins verða engin hindrun, því lífgeislinn mun fara um óravíddir hans á örskotsstund.

Mjög leitast hinir lengra komnu við að hjálpa hinum þjáðu á okkar jörð. Andlegar lækningar hefur slíkt verið kallað eða kraftaverkalækningar, en mættu frekar kallast lífgeislalækningar, því hér er að verki æðri lífgeislan.

Hinir lengra komnu beina líforku sinni til hins sjúka manns, og ef vel hagar til getur lækning tekist á svipstundu en stundum þarf til þess lengri tíma, daga eða vikur.

Hinn lengra komni hjálpandi er fullur hreysti og lífmagnaður

mjög. Hann leitast við að koma eigin ástandi sínu yfir á hinn sjúka. Lífgeislunaráhrif eru hér að verki, og eins og áður segir ber þessi tilraun oft árangur, hinn sjúki læknastr ymist á andartaki eða á lengri tíma.

En hvernig stendur á hinum mörgu frásögnum um læknisaðgerðir, sem margir huglæknar segja frá og margir sjúkir segjast hafa reynslu af?

Margir sjúkdómar eru svo erfiðir viðfangs að sending lífgeislans ein virðist ekki nægja, og er það vitanlega vegna ófullkominna mót-tökuskilyrða hérna megin. — Læknar þeir á öðrum stjörnum sem lækninguna senda, vita allt um sjúkdóm hins jarðneska manns. Þeir vita, að aðgerðir ýmiskonar eru áhrifarík lækningaaðferð. En sjálfir komast þeir ekki hingað til að framkvæma slíkt. Þeir vita líka, að áhrif einnar aðgerðar á þeirra hnetti getur borist sjúklingi á okkar hnetti. Þessvegna munu þeir oft notfæra sér einmitt þessa möguleika. Margir fórnfúsir menn og konur munu vera til taks, hjá þessum lengra komnu læknum, og vilja leggja á sig óþægindi og jafnvel stundarþjáningu, ef verða mætti til lækningar á sjúkum manni hér. Stundum mun geta verið um að ræða raunverulegan sjúkling á öðrum hnetti sem þjáist af líkum meinum og sá sem um er að ræða hér á jörðu, en ekki mun nauðsyn á að þannig hagi til svo að lækning takist á jarðneskum sjúklingi okkar.

Læknirinn á öðrum hnetti, hefur nú stillt „sjúkling“ til náins sambands við sjúkling okkar hér, hann finnur sömu þrautir, sömu óþægindi. Og líklega mun nú læknir þessa annars hnattar gera á honum samskonar aðgerðir og hann telur að gera þyrfti á hinum jarðneska sjúklingi okkar, til þess að hann mætti öðlast bata. Til þessa verks notar hann skurðáhöld, sprautur, ljósalampa o. fl. Áhrif þessarar læknisaðgerðar sem gerð er á sjúklingi á öðrum hnetti, berst fyrir lífgeislan til sjúklingsins hér, og getur valdið því, að hann fær skyndilega lækningu meina sinna, ef nægilega vel hagar til um móttöku þessarar aðsendu lækningarorku. Oft er það sem sjúkling hér dreymir, að svona aðgerð fari fram á honum. Stafar það af draumasambandi hans, við hinn fjarlæga mann. Sé hann í meðferð hjá huglækni, finnur hann líka stundum fyrir slíkri aðgerð, og finnst, að hún sé gerð á honum sjálfum. En þar er ekki svo sem honum finnst, heldur er það sambandsvinur hans á öðrum hnetti, sem fyrir aðgerðinni verður, en sambandið milli þeirra er svo náíð, að sjúklingurinn hér gerir sér ekki grein fyrir þessu, og er það raunar alveg eðlilegt, því hann hefur orðið samsála

og samvita hinum fjarlæga hjálpanna, þannig, að honum finnst það, sem sambandsvininum er gert, sé gert sér. Svo sterk geta þessi lífgeislunaráhrif orðið, að merki sjáist á líkama hins sjúka eftir slíkar aðgerðir, smásár, rispur og stungur munu vera allalgeng fyrirbæri. Og það, sem einkennir þessi sár er það, að þau gróa mjög fljótt, eru venjulega horfin að nokkrum stundum liðnum.

Huglæknir, sem stillir sjúkling sinn til slíkra fjarsambanda, skynjar oft allnáðið, hvernig slík aðgerð fer fram, eins og lýst er í samtalinu hér að framan. Er þetta svo að skilja, að huglæknirinn hér, kemst í náðið vitundarsamband við einhvern, sem staddur er í hinni fjarlægju lækningastofnun. Hann skynjar með augum hins fjarlæga sambandsvinnar, það sem þar fer fram. Oftast mun huglæknirinn komast í hálfgerða leiðslu eða mók, og þessvegna getur hann ekki gert neinar sjálfstæðar athuganir, meðan þetta ástand varir.

Ég hygg að andlegar lækningar, lífgeislalækningar, hljóti að gerast með þessum hætti, eins og að framan er reynt að skýra.

Því miður gerast slíkar lækningar allt of sjaldan. Mun það stafa af því að skilyrði til móttöku læknaði lífmagnanar, eru svo sjaldan fyrir hendi.

Skapa þarf samstillt aflsvæði til að auðvelda móttöku hinnar læknaði magnanar, sem lengra komnir vinir munu svo mjög leitast við að beina hingað.

Þessi lækningaorka mun ávallt vera fyrir hendi, og nægilega sterk til að lækna á svipstundu hvaða sjúkdóm sem er, ef ekki stæði á móttökunum hérna megin. Til mikils er að vinna, að bæta þessi sambönd, og viss er ég um að það væri hægt, ef nægilega margir vildu kynna sér eðli lífsambanda, og vildu nokkuð á sig leggja, til að beita þeirri þekkingu á réttan hátt.

*Ingvar Agnarsson.*

## UM DRAUMASKOÐUN SIGURÐAR BJARNASONAR, SKÁLDS

Sigurður Bjarnason (f. 1841, d. 1865), er eitt af kunnustu alþýðuskáldum íslenskrar þjóðar, þótt héðan hyrfi hann, fyrir slysfarir á sjó, aðeins 24 ára gamall. Talsverður skáldskapur liggur eftir hann, en kunnastur er hann fyrir Hjálmaraskviðu (Rímu af Hjálvari og Ingibjörgu, 232 erindi) sem átti mikilli hylli að fagna meðal alþýðu manna, jafnvel svo, að fjölmargir lærðu kviðuna utanbókar og kunnu að skipa rétt erindum.

Ég ætla ekki að fara nánar út í þá sálma hér, heldur ætla ég að minnast lítillaga á kvæði hans „*Draumarnir*“ þar sem hann skýrir nokkuð álit sitt á draumum og eðli þeirra, og þykir mér hann komast þar nokkuð í átt til hinna merkilegu draumakenninga dr. Helga Pjeturss. Mun ég hér taka upp fáeinar orðréttar tilvitnanir úr kvæðinu.

1) Hann segist í draumi „*skoða margháttuð fræða kyn*“. Hér telur hann sig fá margháttaða fræðslu í draumum.

2) Hann segir svo um anda sinn í svefni að hann „*um heims hvelfingar breiðan bug / beinir óstöðugt krókaflug*“. Kemur hér fram, að hann telur sig verða margs vísari um fjarlæga staði annars staðar í geimi „*heims-hvelfingar*“, þ. e. stjörnu-geimsins.

3) „*Ó, hversu draumar undarlegir / andanum sýna nýjan heim*“, segir hann í einu erindinu, og telur þá vera „*torskilda*“, og að í þeim lífi hann „*undralífi*“.

4) Þá segir hann enn: „*Jeg held að einhver vingul vera, / viðbaldi bundin líkamans*“, og hann segist ekki skilja að þetta sé sín eigin sál, heldur sé hér um aðra veru að ræða. Er þetta ekki eitthvað í átt til sambandsskilnings H. P. um fjarlægan draumgjafa?

5) Enn setur hann fram efasemdir um ferðalög sinnar eigin sálar í draumi: „*En skyldi sálin sjálf það vera, / sem er að flakka um drauma heim, / þankinn vill efastæju bera . . .*“ En flestir, bæði fyrr og síðar hafa talið sig ferðast í eigin sál í draumum. Það er ekki fyrr en Helgi Pjeturss, kom fram með náttúrufræðilegan skilning á eðli drauma, sem leiðrétting fékkst á þessari rótgrónu, almennu skoðun. Og er því nokkuð furðulegt, að sjá þessari skoðun skjóta upp hjá íslensku alþýðuskáldi um miðja nítjándu öld?

6) Síðast setur hann enn fram þá skoðun sína að „*. . . að sálin /*



síst bygg ég valdi draumunum“, og er hann þar að leggja enn frekari áherslu á þá skoðun sína, að utanaðkomandi áhrif eða aðrar verur séu það, sem valda draumum en ekki eigin hugur eða sál.

Kvæðið endar á þessum áhersluorðum um þetta álit hans: „Útsögð er þannig meining mín, / mín vegna ráði aðrir sín“.

Mér virðist, sem hið gáfaða alþýðuskáld, hafi í þessu kvæði, í hugleiðingum sínum um eðli drauma, komist nokkuð í átt til hins umbreytandi skilnings Helga Pjeturss á sambandsæðli draumanna, þeim, að draumreynsla sofandans, stafi ævinlega af sambandi við vakandi mann, draumgjafann, sem venjulega eigi heima í fjarlægð, og jafnvel oftast á jarðstjörnum annarra sólhverfa.

Ég geri nú ráð fyrir, að skáldinu hafi fremur komið þessi skilningshugsun fyrir samband við einhvern íbúa annars hnattar, heldur en eigin rök hugsun, en þó er alveg vafalaust, að sitthvað í eigin athugunum hans á eigin draumum (draumreynslu) hefur orðið til að skjóta styrkari stöðum undir þessa hugmynd hans.

En á þeim tíma, sem skáldið var uppi, var alls ekki að vænta þess, að umbreytandi uppgötvanir yrðu gerðar á þessu sviði, og e. t. v. síst af manni, þótt gáfaður væri, sem lítil kynni mun hafa haft af helstu uppgötvunum aldarinnar, á ýmsum sviðum. Enda þurfti enn lengi að bíða eftir hinni brautryðjandi, íslensku uppgötvun á þessu sviði líffræðinnar og lífsambandsfræðinnar, sem jafnvel vísindamenn nútímans eiga svo erfitt með að átta sig á eða tileinka sér til fulls.

*Ingvar Agnarsson, 12/6 1977.*

## FYRIRBURÐAFRÆÐI

Það er algeng skoðun að A. Einstein og S. Freud hafi verið á móti því sem nefnt er fyrirburðافرæði (parapsychology), en það er nú mikill misskilningur eins og m. a. eftirfarandi saga sýnir:

Árið 1915 var A. Einstein í Vínarborg og hafði fundið mikið miðilsefni, þar sem var ungur maður frá Póllandi að nafni W. Messing. Lét Einstein Messing koma heim til sín samtímis því sem Freud kom þar, í því skyni að sanna hinum síðarnefnda hæfileika unga mannsins. Freud vék til hliðar og skipaði í huganum unga manninum að reyta þrjú hár úr yfirskeggi Einsteins með töng, sem lá inni í baðherbergi. Ungi maðurinn varð hálfvandráðalegur, en sagði þó við Einstein um leið og hann kom með tengurnar: „Ég verð að fá að reyta þrjú hár úr yfirskeggi yðar“. Trúr og dyggur málstað vísindanna lét Einstein þetta eftir honum, enda gat hann með þessu sannað Freud hæfileika píltisins. — En það að Einstein gat aldrei komið þessum hæfileikum saman við kenningu sína er önnur saga, sem gerðist á öðrum vettvangi.

W. Messing mun vera enn á lífi í Moskvu, 78 ára gamall, og á að baki sér sögulegan feril. Það er haft eftir honum að hann geti gert óáreiðanlegan mann gagnheiðarlegan með dáleiðsluáhrifum — en það standi þó aðeins í þrjár mínútur. Hversu heiðarlegur W. Messing er yfirleitt, skal ég ekki fullyrða neitt um, en fáir munu verða til að rengja hæfileika hans.

*Þorsteinn Guðjónsson.*

*(Mbl. 20/4 1978).*

## LEIÐRÉTTINGAR

Þau mistök urðu í prentsmiðju, að í síðasta blaði Lífgeisla, nr. 16, voru sett blaðsíðutöl 181 til 216, en áttu að vera frá 1 til 36, þar sem þetta var fyrsta tölublað þessa árs. Blaðsíðutöl þessa blaðs, nr. 17, eru því 37 til 72, svo að rétt framhald verði á blaðsíðunúmerum þessa árs.

Í tölublaði nr. 14, bls. 129, var grein eftir Bjarna Bjarnason, Brekkubæ. Í tilvitnun í grein Helga Pjeturss stendur þar: „allir kraftar eru skyldir, eins upptök þeirra allra“, á að vera: „ein upptök þeirra allra“.

*Ritstj.*

## ÁSAREIÐIN

### I

Jóreyk sé eg víða vega  
velta fram um himinskaut,  
norðurljósa skærast skraut.  
Óðinn ríður ákaflega  
endilega vetrarbraut.

Sópar himin síðum feldi  
Sigfaðir með reiddan geir,  
hrafnar elta og úlfar tveir,  
vígabrandar vígja eldi  
veginn þann, sem fara þeir.

Sleipnir tungla treður krapa,  
teygir hann sig af meginþrótt,  
fætur ber hann átta ótt,  
stjörnur undan hófum hrapa  
hart og títt um kalda nótt.

Hlórriði mun eftir aka  
í Ásamóði bratta leið,  
hamrammt grípa hafrar skeið,  
undir taka björg og braka,  
er bokkar skaka ísarnreið.

Freyja því næst ekur ettir  
eins og fuglinn létt og snart,  
snertir bláa vegu vart,  
mjallahvítir mása kettir,  
mala sízt, en blása hart.

Af lokkum Freyju og ljósum hvarmi  
leggur bjarma á himininn,  
gullnum roða af rjóðri kinn;  
hefur hún í hvítum armi  
haglega gerða rokkinn sinn.

Ásynjur og Æsir síðar  
ásamt herða snarpa ferð,  
fremstan þeirra Frey þú sérð,  
allir ríða, utan Víðar,  
öflug hans er skóagerð.

Enginn dyninn hófa heyrir,  
hart þó knúin goða dýr  
yfir kristalls bruni brýr,  
Heimdallur með horni keyrir,  
höndina einu brúkar Týr.

Valkyrjum í ferðaflaumi  
fylgja snúðugt Einherjar,  
jór blæs móðugt margur þar,  
Hölkvir ásamt Gota og Glaumi  
og Grani stærstur Sigurðar.

Hildur ríður hinzt og Prúður,  
hópin prýðir mannval bezt,  
Starkaður þar stíkar mest,  
Hákon jarl og Hörgabrúður  
heiðna reka norðan lest.

Öllum fjarri förunautum  
fara einar systur þrjár,  
svípmiklar með silfurhár,  
á himin varpa hálsa skautum,<sup>1</sup>  
hrökkva af augum frosin tár.

Jóreykur um vegu víða  
veltur fram á himinskaut,  
leiftrar göfugt geisla skraut.  
Einherjar og Æsir ríða  
endilanga vetrarbraut.

<sup>1</sup> Sbr. Vegtamskviðu.

## II

Er þau sáu siðinn nýja  
setjast að í fornri víst,  
viku goðin burtu byrst;  
eigi Surt né Úlf þau flýja,  
en — þau flýja Hvítakrist.

Í átthagana enn þau leita,  
er á vetrum lækkar sól,  
norðankólgur nísta pól,  
en stjörnur hvolfið skærar skreyta,  
skunda þau upp á himinból.

Koma þau upp við Elivoga,  
er þeim leiðin forna kunn,  
svöl þar glymur yfir unn,  
en er himins hallar boga,  
halda þau o'ni Mímisbrunn.

Ein þar goða situr systir,  
sem að aldri heiman gekk,  
alda starfið frægst hún fékk;  
um aldur og ævi rún hún ristir  
reikningsglögg í Sökkvabekk.

Við engar er hún aldir bundin,  
ei við siðaskipti nein,  
Saga er ávallt söm og ein;  
heims þótt komi hinzta stundin,  
heldur hún áfram sinni grein.

Þó að fornu björgin brotni,  
bili himinn og þorni upp mar,  
allar sortni sólirnar,  
aldrei deyr, þótt allt um þrotni,  
endurminningin þess, sem var.

*Grímur Thomsen.*


# Draumar

## Nytjajurt á öðrum hnetti. — Draumur.

Margt getur í draumi borið fyrir augu öðruvísi og að sumu leyti furðulegra en við eigum að venjast í vöku, og þó ávallt þannig, að verið gæti fullkomlega eðlilegt við aðrar eða framandi aðstæður. Skal hér gerð tilraun til að segja frá einum slíkum draumi.

Mig dreymdi að ég gekk um borg. Voru húsin öll fremur smá og öll hvít eða á annan hátt björt á lit. Sá ég til hárra fjalla í nokkurri fjarlægð. Er ég hafði nokkuð gengið, kom ég í útjaðar borgarinnar, og sá þá yfir skógi vaxið landsvæði, er lá milli borgarinnar og fjallanna, og hallaði landinu dálítið niður til borgarinnar. Ég tók til fótanna og hljóp til skógarins og svo inn á milli trjáanna. Þótti mér þau vera nokkuð undarleg ásýndum, og skyldi, að vera mundi nytjaskógur eða ávaxtatré einhversskonar.

Stefndi ég þangað, sem ég sá nokkra menn samankomna. Fór ég til þess manns, sem mér þótti vera eigandi þessa skóglendis. Bað ég hann að skýra mér frá gagnsemi þessara trjáa, eða hverjar nytjar væru af þeim hafðar. Tók hann mér vel og bauð mér að skoða tré eitt mikið er þar var rétt hjá. Virti ég það nú allvel fyrir mér. Tréð var hátt og gildvaxið, vafalaust rúmur metri í þvermál neðantil. Börkurinn var ljósgulur og ljósbrúnn og mjög sléttur viðkomu. Þótti mér liturinn fagur og allt útlit trésins. En eitt þótti mér allundarlegt og vakti það sérstaka athygli mína og eftirtekt: Við hlið trésins, stóðu þrjár trjábólir hlið við hlið í beinni röð. Voru þeir svo sem einn metri á hæð og þó heldur meira, allir ámóta sverir og tréð, sem nú var lýst. Var augljóst að tré þessi höfðu verið söguð sundur í þessari hæð. Sáust hringlaga gárar eða árhingir í sléttum, láréttum fletinum, en þó var eins og þunnur áferðarfallegur börkur, hefði vaxið yfir sárið. Börkur þessara trjástubba var með samskonar útliti og börkur trésins, við endann á þessum þrem bótum. Ég bað manninn að skýra fyrir mér, hvernig



stæði á þessum bútum. Hann mælti á þessa leið: „Þessir trjá-  
stubbar eru neðri hluti trjáa sem lifðu og báru ávexti fyrir löngu  
síðan. Þegar nytjatími þess fyrsta var á enda runninn, var það sagað  
sundur, en annað óx upp af rótum þess, fast við hlið þess fyrra.  
Það óx og dafnaði og gerði sitt gagn, en er þessi nytjatími var á  
enda, var það sagað niður, eins og hið fyrra, og enn óx nýtt tré  
upp við hlið þess. Á sama hátt fór enn með þetta þriðja tré, það óx,  
náði fullri stærð og var loks sagað sundur eins og hin fyrri, og  
fjórða tréð óx upp við hlið þess, eins og þú getur hér séð. Það  
er í fullum blóma og á fyrir sér að lifa enn um langa stund.

Þessi trjátegund gefur af sér drykk, sem mjög er bragðgóður og  
næringarmikill. Neðsti hluti trjáanna þriggja, sem þú sérð hér, er  
samt ekki dauður eða óvirkur, þau standa öll í lifandi sambandi  
við yngsta tréð, sem nú er í blóma, og verka sem einskonar  
geymsla fyrir afurðir þær eða drykk, sem það gefur af sér. Við  
tökum svo þennan safa í burtu við og við.“

Síðan gengum við á bak við trjábútana, og sýndi maðurinn mér  
umbúnað nokkurn, sem þar gat að líta. Á hliðinni á hverjum trjá-  
bút var hringlaga hlemmur. Hann mælti: „Þegar við sækjum  
vökvann, sem safnast hefur, þá opnum við þessa hlemma, og  
hleyfum safanum í fötur. Líttu nú í kringum þig. Þú sérð að öll  
trén á þessari ekru eru með sama hætti.“

Ég leit á skóginn í kringum mig og sá að við hvert eitt tré voru  
einn, tveir eða þrjár trjábútar, með sömu lögun og ummerkjum, eins  
og þeir, sem ég hafði verið að skoða.

Trén stóðu gisið, svo að birtu naut vel. Ég giska á, að ekki hafi skemra verið milli trjáa, en svo sem 10 metrar. Ekki voru trén í röðum, heldur stóðu þau óreglulega. Trén virtust vera há, en ekki vil ég reyna að giska á hæð þeirra, því ekki leit ég upp í krónur þeirra, í draumnum. Lágvaxinn gróður huldi jarðveginn að öðru leyti.

Er þessari skoðun minni lauk, gekk ég út úr skóginum. Þótti mér lítill drengur (um 7 ára eftir stærð að dæma), koma þar á móti mér og kalla á mig. Gekk ég í átt til hans. Þótti mér helst, að þetta væri Sigurður sonur minn (sem nú er fullorðinn maður). Er þetta eina rangþýðingin af slíku tagi í draumnum.

Eitthvað mun hér hafa fallið niður eða líklega hefur skipt um svið, eða þá að draumgjafaskipti hafa orðið, því næst er ég staddur þar, sem nokkrir hestar voru. Þótti mér einn þeirra vera fyrir mér, stór á vöxt og ljósbrúnn á lit. Tók ég í hökutopp hans og leiddi hann við hlið mér, burt frá hinum hestunum. En er ég sleppti honum, sneri hann í mig afturendanum og vildi slá mig. Ekki varð ég þó fyrir sparki hans. Færði ég mig aðeins frá, og gætti mín fyrir honum. Lyfti hann afturfótunum tvisvar enn, og reyndi að slá mig, en tókst ekki. Þótti mér aðfarir hans hálfbroslegar og hló með sjálfum mér.

Draumurinn óskýrðist nú, og varð ekki lengri.

## II.

Tré eins og þau er í draumi þessum getur, munu ekki vera til hér á jörðu. Minna þó trjábútarnir dálítið á afhöggna stofna bananapálma, en þeir eru höggðir niður við jörð, þegar uppskerutíma er lokið, en nýir stofnar vaxa upp af rótum þeirra eldri.

Ég geri ráð fyrir að draumgjafi minn hafi verið íbúi annarrar stjörnu, og hafi hann verið að skoða gróður, sem honum var ekki kunnur áður.

*Ingvar Agnarsson,  
(Dreymt 12. desember 1976).*



## Draumur um hjartan hnött.

### I.

Þar hófst draumur minn, að mér þótti ég vera staddur utan kirkju. Inni í garðinum stóð kirkja, all reisuleg, og er ég stóð þarna sá ég margt fólk koma úr henni og dreifði það sér um móann fyrir utan garðinn. Var þetta mjög svo laglegt fólk og vel búíð. Rökkur var á. Sá ég þá hvar upp kemur hnöttur og þótti mér í vestri. Var hann hjartur mjög og lýsti af, er hann gekk hratt yfir loftið og hvarf, en kom brátt á sama stað upp aftur og gekk svo áfram. Þótti mér þetta undur nokkurt. Vék ég mér að næsta manni og lét í ljós undrun mína, með spurn um, hverju sætti. Ekki fékk ég svar við því, en það sá ég á svip hans, að honum þótti fávíslega spurt, og má það skilja því sjálfsagt hefur hann verið þessu vanur, alist upp við það. Gerði ég svo ekki meira í því en fór að labba um móann. Kom ég þá brátt að þar sem lækur rann, lítið var í honum vatn en grafið hafði hann pytti hér og þar í móann á leið sinni.

Fékk ég nú þá hugmynd að baða mig í einum pyttinum og gerði ég það. Ekki fór ég úr fötum, en buslaði um stund í vatninu, en svo þegar upp úr var komið, vakti það furðu mína, að ég var ekki blautur. Fötin voru þurr og varð ég þó ekki var við annað en að ég blotnaði með eðlilegum hætti, er ég fór ofan í. Ekki varð svo þessi draumur lengri og vaknaði ég þar sem ég var að undra mig á þessu.

*Þorbergur Jónsson,*

*Prestsbakka, Síðu.*

### II.

Víst má telja að þessi merkilegi draumur sé tilkominn vegna sambands við mann á öðrum hnetti, einhvers annars sólhverfis. Hinn draumséði hnöttur mun vera tungl þeirrar jarðar, sem draumgjafinn á heima á, og hefur tungl þetta gengið mjög nálægt jarðstjörnunni og því farið mjög hratt á braut sinni, eins og draumurinn bendir til. Geta má þess, til samanburðar, að nokkur tungl innan sólhverfis okkar, ganga um móðurhnetti sína á örfáum klst. (T. d. gengur tunglið Phobos um Mars á 7,5 klst., og Amalthea um Júpiter á 12 klst.).

Þá er annað atriði í draumnum, sem mjög er athyglisvert: Draumgjafinn var ekki votur, er hann kom upp úr vatninu. Hliðstæðar lýsingar hafa áður komið fram, í framlíflýsingum.

Bæði þessi dæmi sýna ótvírætt, að ekki getur verið um að ræða lýsingu á fyrirbærum frá okkar jörð.

*Ritstj.*

## Andlit „mitt“ í spegli. — Draumur.

Mig dreymdi að ég þóttist staddur á bóndabæ. Erindi mitt var að vera viðstaddur fjárskilarétt er fram skyldi fara þar ekki all langt frá og beið ég þar til að hún hæfist.

Fornlegur fannst mér bær þessi. Gróðurlítið var þar í kring, og mest svartur bruni ef lengra var litið. Bjart var í besta lagi. Húsakynni munu hafa verið meiri en ég sá, en það sem ég sá var þiljað innan með breiðum fjölum, óplægðum. Voru þær elli-legalar mjög og rifur á milli. Þótti mér að ég væri unglingsstrákur, vakti það því ekki hjá mér neina furðu er ég skoðaði mig í spegli er þarna var, að sjá andlit á dreng svona á fermingaráldri. Var ég með ljósgult hár, breiðleitur og freknóttur, en þannig hef ég aldrei litið út. Ekki sá ég þarna annað fólk en húsbóndann og gest hans, báðir svona vel miðaldra menn. Sátu þeir í stofu og ræddu saman en ég hélt mig úti á gangi. Opín hurð var á milli og sá ég vel inn til þeirra. Voru þeir með flösku og dreyptu á henni við og við. Heyri ég nú að húsbóndi fer að hafa orð á því að lítið sé um mig skeytt og þurfi hann að víkja að mér einhverju, en hinn kvað það litlu skipta og fannst að strákurinn mætti eiga sig. Það vildi hinn ekki og kvaðst ekki fara þannig að við sína gesti. Kom hann nú brátt með pela all vænan og fékk mér og tók ég við. Ekki skal ég nú um það segja hvaða efni hefur verið í pelanum, en það var gult á lit og fannst mér það líta út eins og plast. Þegar ég hafði fundið mér stað til að setjast á, skrúfaði ég tappann af og fór að smakka á innihaldinu. Fór ég í það varlega, datt í hug að hér gæti verið um göróttan drykk að ræða en það var óþarfa ótti, því þetta var drykkur mildur og bragðgóður og örugglega með öllu óáfengur. Sem ég sit nú þarna og er að gæða mér á innihaldi pelans, sé ég hvar safnið kemur, fjárbreiða mikil. Ráku það margir menn á hestum. Hvarf það nú bak við hól, en hinum megin við hann vissi ég að réttir voru. Varð nú uppi fótur og fit að þrifa það sem menn ætluðu með og koma sér af stað í réttina, en þá vaknaði

ég. Og þó að ég sé nú laus við áhuga á sauðfé, fannst mér það ekki nógu gott að fá ekki að koma í réttina og sjá hvernig hún gekk fyrir sig.

*Þorbergur Jónsson,  
Prestsbakka, Síðu.*

## **Draumur um mann með langt nef.**

Sá var minn einn draumur, að ég þóttist staddur undir fjallshlíð all hárrí. Stóð þar hjá mér maður og vorum við að tala saman. Vissi ég að sá átti þarna heima. Vel var þarna bjart. Virti ég fyrir mér túnið. Var það all stórt og vel slétt. Nokkur gróður var kominn í það, en hefði hann verið þannig í mínu túni, hefði ég talið að um verulegan fosfórskort væri að ræða. Girðing var í kringum túnið, en illa við haldið, staurar hölluðust sitt á hvað og vír slakur.

Allháir klettur voru þarna hinumegin við túnið. Voru í þeim grasigrónar syllur og á þeim nokkrar kindur á beit. Fallegar voru þær og þriflegar. Sýndist mér þær mjög líkar því, sem maður á að venjast. Undrun mína vakti, hvað ég sá þær greinilega, meira að segja litinn í augum þeirra, og þó var talsverður vegur til þeirra, svona á að giska tvö til þrjú hundruð metrar og sama gildi að sjálf-sögðu um hrufur og rákir á og í hornum. En þetta er ég ekki vanur að sjá nema skepnan sé svo til alveg hjá mér.

Að einu leyti var maður þessi er ég átti þarna tal við, ólíkur því sem maður á að venjast, en það var nefið, sem var svona fingur langt og nokkru sverara, stóð það beint útúr andlitinu. Engar voru í því nasaholur en húðin framan á því var rauðbleik og hefði getað verið mjög næm. Vildi hann nú bjóða mér í bæinn og þá ég það. Vissi ég að hífýli hans voru niðri í gili er þar var og stóðum við rétt á barmi þess. Lögðum við nú af stað og gengum götutroðning er lá niður gilvangann, en í hinum vanganum sá í holu og vissi ég að það voru dyrnar, ekki stærri en svo að skríða hefði þurft til að komast þar inn, en til þess kom nú ekki því í þeim svifum vaknaði ég og þótti slæmt að fá ekki að litast um í jarðhúsi þessu.

*Þorbergur Jónsson,  
Prestsbakka, Síðu.*

## Draumur um sérkennilegt dýr

### I.

Mér þótti ég vera staddur inni í einhverri menntastofnun og var þar að tala við einhverja lærða menn. Einn þeirra var að segja mér frá einhverju tungumáli, sem hann sagði að væri svo mikilvægt, að allir ættu að læra það. Nefndi hann nokkur orð úr máli þessu, og reyndi ég að hafa þau eftir honum, en tókst ekki.

Nú varð mér gengið út að stórum glugga og leit ég út. Var þar stór grasflöt, og nálægt húsinu, sem ég var í, var smátjörn. Á tjarnarbakkanum var dýr eitt sérkennilegt og afkvæmi þess lá í grasinu rétt hjá því. Dýrið var ljósbrúnt, og stríðhært, líkt og svín, en þó miklu loðnara. Stærð þess var á við stóra kind. Hálsinn var sver. En það sem mér fannst einkennilegast var það, að hausinn á því var óvenjulega langur, frá hnakka og fram á snoppu. Mér er óhætt að segja, að hausinn hefur ekki verið styttri eða minni en á hesti, og þó var þarna um lítið dýr að ræða. Eyrun voru mjög smá, augun nokkuð stór. Hausinn var allur nokkuð ávalur, og með mjúkum línum. Mér fannst dýrið heldur fallett á að sjá, þótt útlit þess væri alleinkennilegt.

### II.

Ekki hef ég í vöku séð dýr, sem líkist þessu, og ekki heldur myndir af svona dýri, og ekki veit ég við hvaða dýr ég ætti helst að líkja því. Vera kann þó, að það líkist einhverju dýri þessarar jarðar. En eins mætti líka láta sér detta í hug, að það eigi heima á einhverri reikistjörnu í fjarlægju sólhverfi, og hafi ég þá séð það fyrir milligöngu draumgjafa, sem þar eigi heima, og hafi haft það fyrir augum, einmitt á þeirri stundu, er mig var að dreyma. Slíkar fjarsýnir til annarra stjarna munu vera allalgengar í draumum.

*Ingvar Agnarsson*

*(Dreymt 18. október 1977).*

## Samtal um stjörnusambandsstöð. — Draumur.

### I.

Mig dreymdi, að ég sat í stórum sal, þar sem margt fólk var samankomið. Við hlið mér sat maður, sem mér þótti langt að kominn, útlendingur. Við ræddum um ástand og horfur í heimin-

um, og kom okkur saman um, að ekki væri það álitlegt. Sífelldar styrjaldir væru háðar og jafnvel kjarnorkuvopn væru notuð.

Ég þóttist segja: „Þessu er hægt að breyta, og bjarga mannkyninu“.

Hann: „Hvernig væri það hægt?“

Ég: „Máttugir íbúar annarra stjarna vilja hjálpa okkur. Þeir gætu komið hingað“.

Hann, vantrúaður: „Hvernig ætti það að geta orðið?“

Ég svaraði: „Við verðum að reisa veglega stjörnusambandsstöð, þar sem slíkar verur gætu komið fram“.

Hann: „Hver ætti að reisa hana og hvar ætti hún að vera?“

Ég þóttist svara: „Hún ætti að vera á Íslandi. En Íslendingar ættu ekki að eiga hana einir. Allar þjóðir ættu að eiga hana og njóta blessunar frá henni. Allur heimurinn ætti að standa að byggingu hennar, og leggja fé til hennar“.

Á meðan ég talaði þessar síðustu setningar, varð ég mjög ör og fullur ákafa og eldmóðs. Og ég tók með báðum höndum um axlir sessunautar míns og hristi hann duglega, til þess með því móti að leggja sem mesta áherslu á orð mín. Og mér þótti hann fyllast áhuga á þessu máli.

Svo vaknaði ég.

## II.

Ekki vil ég nú fullyrða, hvað af þessu tali er komið beint frá draumgjafa mínum, eða hvað af þessu kann að eiga uppruna sinn frá mínum eigin huga, þótt verið hafi sofandi og í draumástandi. Því svo mun oft vera, að draumar litist af minningum og viðhorfi dreymandans, og það viðhorf verkar þá til rangþýðingar á því, sem draumgjafinn raunverulega talar, sér eða skynjar.

*Ingvar Agnarsson*

*(Dreymt 18. sept. 1977).*

# Sambandsfundir

## **Miðilsfundur 13. apríl 1967 (Brot)**

(*Miðlar á fundinum: Sveinn Haraldsson og Sigurður Ólafsson.*)

*Þrúður Jónsdóttir:* Við erum mörg samankomin hér í stjórnu-sambandsstöðinni okkar. Hér er fagurt útsýni. Allir eru ánægðir hér. Við höfum sambönd við marga hnetti. Hingað er mikill inn-flutningur fólks frá ykkar jörð. Margir eru lengi að átta sig eftir komuna hingað. Yfirleitt koma þeir fram úti við. Svo er þeim komið á e. k. spítala, ef þeir eru illa farnir. Þar eru þeir svo, á meðan þeir eru að styrkjast. Ef menn hafa liðið af langvinnum sjúkdómi, eru þeir oft lengur að ná sér en ella. En allir ná hér fullum styrk, eða nálega allir. Hingað til okkar jarðar flyst líka fjöldi fólks frá öðrum frumlífsjörðum.

*Ingvar Agnarsson ritaði.*

## **Miðilsfundur 20. apríl 1967 (Brot)**

(*Miðlar á fundinum: Sigurður og Sveinn.*)

*Eiríkur Guðmundsson, úr Flóa, gjaldkeri:* Mér fannst Sigurður fara með mestu delli, en eftir að hingað kom, skildi ég að hann hafði rétt fyrir sér. Um 5 klst. liðu frá því ég hætti að vita af mér á jörðinni, þar til ég vissi af mér hér. Ég rankaði við mér undir beru lofti, svo kom til mín fólk. Ég skildi ekki strax hvernig í þessu lá, allt annað umhverfi, þó allt jafn áþreifanlegt og áður. Mér datt ekki í hug að ég væri dáinn.

*Sæmundur Böðvarsson:* Ég heiti Sæmundur Böðvarsson. Ég var á Íslandi á elleftu öld. Ég var þá lítill karl og átti heima á Suðurlandi, í Árnessýslu. Minn hnöttur er í rúmlega 60 þúsund ljósára fjarlægð. Hér er dásamlegt að vera, fagurt mannlíf. Sólin hér er gulleit, eitthvað stærri en ykkar sól. Eitt tungl gengur um jörð

okkar. Mér þykir merkilegt að hafa getað náð sambandi við ykkur. Það hef ég ekki getað í mjög langan tíma.

*Lofn:* Komið sæl. Sambönd ykkar eru óðum að batna. Bráðlega munu stórkostleg fyrirbrigði geta farið að gerast hjá ykkur, og þið munuð geta séð það sem gerist hér hjá okkur. Og það er stórkostlegt. Við höfum mjög mikil sambönd við aðra hnetti. Okkur vetrarbraut er mjög stór, stærri en ykkar. Lífið í okkar vetrarbraut stendur á miklu hærra stigi en lífið í ykkar vetrarbraut. Tveir byggðir hnettir ganga kringum okkar sól, báðir á svipuðu þroskastigi. Við höfum mjög nán sambönd hver við annan.

*Ingvar Agnarsson ritaði.*

## **Miðilsfundur 8. maí 1967 (Brot)**

*(Miðlar á fundinum: Sigurður og Sveinn).*

*Helgi Pjeturss:* Þór er staddur í heimsókn hér, í stjórnumbandsstöð okkur. Hann er stórfagur guð, mjög bjartur og öflugur, og góður. Með honum eru hér staddir nokkrir frá hans hnetti, Njörður, Balður, Freyr, Lofn, Sif, Freyja. Þessir guðir og gyðjur eru stórkostlega fagrir og góðir. Þeir vilja styrkja ykkur og sambandið við ykkur. Og það mun takast. Þið munuð sjá þá og þeirra hnött, og stórkostleg fyrirbæri munu gerast á fundum ykkar. Reisið stjórnumbandsstöð. Við öll hér og á mörgum öðrum hnöttum munum hjálpa ykkur. Þetta skal takast. Og árangur skal verða stórkostlegur.

*Ingvar Agnarsson ritaði.*

## **Miðilsfundur 11. maí 1967 (Brot)**

*(Miðlar á fundinum: Sigurður og Sveinn).*

*Ljúfllingur:* Eins og ég hef áður sagt ykkur, á ég heima á hnetti í vetrarbraut í 150 milljón ljósára fjarlægð frá ykkur. Í þessari vetrarbraut allri er þróunin mjög langt komin. Allir eru mjög samstilltir. Á okkar hnetti er óumræðilega fagurt. Allir hér hafa mikinn áhuga á að hjálpa ykkur. Og það skal takast. Við skulum verða á undan (vafalaust átti hann við, á undan verri öflunum, sem reyna að koma í veg fyrir að lífstefnan sigri). Við hér höfum sambönd við mjög margar vetrarbrautir. Við verur sem standa okkar mjög miklu framar.

*Þór:* Ég magna ykkur. Ég sendi ykkur mikla orku. Við öll hér reynum að senda ykkur kraft. Samböndin sem við höfum við aðra hnetti eru stórkostleg. Ljúflingur var hér í sambandinu áðan. Hann er mjög fullkominn og allir á hans hnetti. Hann er miklu lengra kominn en við hér, og allir þar. Hann vill hjálpa ykkur.

*Prúður Jónsdóttir,* móðir Sigurðar kom og talaði: Það er alltaf ánægjulegt að komast í samband við ykkur. En það eru svo margir, sem vilja komast í sambandið, að ég kemst oft ekki að. Til okkar hnattar er mikill innflutningur fólks, bæði frá ykkar jörð og frá öðrum frumlífsjörðum. Þeir eru samt allir furðulíkir okkur. Hingað koma aðeins þeir sem eru líkir okkur. Svo eru þeir hér lengri eða skemmri tíma, en flytja svo til annarra hnatta. Ekki vita þeir fyrirfram hvenær þeir flytja, eða hvert þeir fara. Til þess að geta flutt héðan verða þeir að deyja, þ. e. a. s. líkaminn verður hér eftir, dauður. En þetta gerist þjáningalaust. Hinn eftirskildi líkami er oftast brenndur. Börn fæðast hér líkt og áður. Munur á lífinu hér og hjá ykkur er ekki svo ýkjamikill að sumu leyti. En allt er hér miklu betra.

*Ingvar Agnarsson ritaði.*

## **Miðilsfundur 15. maí 1967 (Brot)**

*(Miðlar: Sigurður og Sveinn).*

*Eiríkur Guðmundsson,* fyrrum gjaldkeri Fálkans: Við erum hér mörg samankomin í okkar stjórnusambandsstöð. Það er stór og fögur bygging. Undanfarið hef ég ekki gert annað en að stunda hana. Hér gefast sambönd til margra annarra hnatta, og hljótum við af því mikinn styrk. Í stöðinni okkar eru margir stórir salir. Að utan er hún hnattlaga, en þó með nokkrum útskotum. Þak eða veggir eru ekki gagnsæ, heldur eru gluggar á veggjum. Hún er ein hæð, en það er hátt til lofts og vítt til veggja.

*Burdlik* á Síríusarsstjórnunni talaði gegnum Svein, sitt óskiljanlega mál. Pétur Hamar sagði okkur á eftir, að þeir hefðu þangað talsverð sambönd og reyndu að hjálpa þeim. Þó væri það ekki sem skyldi. Heldur er uppgötvun Burdlíks að vinna á á hnetti hans, en það gengur hægt, og ástand lífsins þar ekki betra en á jörðinni.

Einkennilegt er mál Burdlíks að heyra þegar hann talar. Virðast mörg orðin enda á d. og eru eitthvað í líkingu við: agd, brigd, sagd, vígd.

*Ingvar Agnarsson ritaði.*



## Miðilsfundur 22. maí 1967 (Brot)

(Miðlar: Sigurður og Sveinn).

*Eiríkur:* Frá okkur að sjá er nú dásamlega fagurt sólarlag. Sólin er að síga til viðar. Hún er dumbrauð, og slær skarlatsrauðum bjarma á allt landslagið. Þetta er það fegursta, sem ég hef séð. Það er hægt að horfa í sólina mína með berum augum. Ekki er þetta þó af því að mistur sé í lofti, heldur eru léttar skýjaslæður, sem ber fyrir sólina. Á daginn er sólin mjög björt, bjartari en er á ykkar jörð, eða svo finnst mér. Ekki held ég að ég hafi neitt skarpari sjón, en lífskrafturinn er hér miklu meiri, og ég held að þessvegna sjái ég allt miklu skýrar en áður, og finnst allt vera miklu bjartara.

*Ingvar Agnarsson ritaði.*

## Miðilsfundur 25. maí 1967 (Brot)

(Miðlar: Sigurður og Sveinn).

*Sigríður frá Heylæk:* Nú er sól hér í hásuðri, og allt er hér svo fagurt. Það er áliðið sumars hér, komið fram undir haust. Árstíðaskipti eru hérna svípuð og á jörðinni. Ég á heima í þorpi, það er nokkru stærra en það, sem ég átti heima í hjá ykkur (Selfossi). Þar í kring er talsvert stórt flatlendi, og þar er allþétt byggð, mun þéttari en á Suðurlandsundirlendinu. En í nokkrum fjarska rísa fögur fjöll. Hátt uppi í einu þeirra stendur stjörnusambandsstöð okkar. Hún mundi blasa við heiman að frá mér, ef ekki væru hér tré, sem skyggja á. Það er mjög fögur og stór bygging. Ef alls staðar í henni væri fólk, gæti rúmast í henni þúsundir manna. Þar starfar alltaf einhver kjarni, sem hefur sambönd við aðra hnetti. Ég er stödd núna heima hjá mér, en ég stend í sambandi við kjarnann í stjörnusambandsstöðinni, og það er aftur hann sem veitir mér sambandið við ykkur. Margir hér hafa mikinn áhuga á sambands tilraunum ykkar, og við reynum að efla þær eftir mætti.

Sólarhringurinn er lítið eitt lengri en hjá ykkur, svo að munar aðeins nokkrum klukkustundum.

*Ingvar Agnarsson ritaði.*

## Miðilsfundur 19. júní 1967 (Brot)

(Miðlar: Sigurður og Sveinn).

*Sigríður frá Heylæk:* Ég er stödd í stjörnusambandsstöð okkar, sem ekki er mjög fjarri heimili mínu. Lífið á hnetti okkar er dásamlegt. Það er eins og að vera í Paradís, í samanburði við lífið á ykkar hnetti. Þó þekkjum við til hnatta þar sem lífið er miklu fullkomnara en hér, og þar sem búa miklu fullkomnari verur. Við höfum hér mikil sambönd við þá. Stundum fáum við heimsóknir í okkar stöð, menn frá öðrum hnöttum, sem lengra eru komnir á þroskabraut en við hér. Þeir geta staðið hér við þó nokkra stund í hvert sinn og þeir koma. Þeim fylgir mikill kraftur, og mögnumst við mjög við komur þeirra, svo að við verðum eins og nýir menn á eftir.

*Ingvar Agnarsson ritaði.*

## Miðilsfundur 17. júlí 1967 (Brot)

(Miðlar: Sigurður og Sveinn).

*Eiríkur Guðmundsson:* Lífið hér er á framfaraleið. Sambönd mikil við marga aðra hnetti einkum í þessari vetrarbraut, en einnig við hnetti í öðrum vetrarbrautum. Sigríður frá Heylæk býr í strjálbýli ekki alllangt héðan, en ég bý í borg, sem stendur við flóa. Fjöll eru hér í nágrenninu, en þó eru þau lengra í burtu en Esjan er frá Reykjavík. Stjörnusambandsstöð okkar stendur utan við borgina, ef borg skyldi kalla. Hana sækir ég. En Sigríður frá Heylæk sækir aðra stöð, sem er nær hennar heimkynni. Til okkar hnattar flyst mikið af fólki frá ykkar jörð, en einnig mjög margt fólk frá öðrum frumlífsjörðum. Börn fæðast hér, á sama hátt og á jörðinni. Þau skapast ekki fullburða, þau fæðast eins og hjá ykkur. En mæðrunum gengur miklu betur að fæða þau, en mæðrum á jörðinni. Ástin milli karls og konu heldur áfram hér.

Ekki hef ég heyrt talað um neitt offjölgunarvandamál hérna.

*Ingvar Agnarsson ritaði.*

## Miðilsfundur 20. júlí 1967 (Brot)

(Miðill: Sveinn Haraldsson).

*Sigríður frá Heylæk:* Ég er hér í sambandsstöð okkar, sem er mjög fögur. Stundum koma hér fram gestir frá öðrum stjörnum. Við hljótum af þeim mikla magnan. Þeir standa stutt við. Heimsóknir þeirra eru stórkostlegar. Þeir eru ekki hérna núna. En hér kemur nú fram mikið og dásamlega fagurt ljós. Það er ekki vísir að líkamningi. En því fylgir kraftur, sendur frá annarri stjörnu. Það hefur dásamleg og lífgandi og magnandi áhrif á okkur. Ég fór svífandi hingað. Þá var nótt er ég lagði af stað. En nú er morgunn hér. Sólin er komin vel upp.

*Ingvar Agnarsson ritaði.*

## Miðilsfundur 14. ágúst 1967 (Brot)

(Miðlar: Sigurður og Sveinn).

*Ónefndur maður:* Hér er mikið um að vera nú. Þúsundir manna eru nú samankomin hér í stöðinni. Því við erum nú á þessari stundu að fá heimsókn frá annarri stjörnu í fjarlægri vetrarbraut. Er það Ljúflingur og með honum margir aðrir guðir og gyðjur. Þau eru nú að koma fram hér í salnum mitt á meðal okkar. Þeir eru mjög lýsandi, og fylgir þeim mikill kraftur. Þeir eru stórkostlega fagrir og bjartir og góðleikur geislar frá þeim. Gyðjurnar eru stórkostlega fagarar. Þær standa nú hér í salnum, og eru mjög skínandi. Af heimsókn þessara guða og gyðja hljótum við mikinn kraft og mikla magnan.

*Jón Sigurðsson kennari:* Mikil eru nú viðbrigðin hjá mér. Nú er ég eins og aðrir menn með heilan líkama. Handleggir mínir eru eins og á öðrum mönnum. Nú finn ég ekki til minnimáttar-kennndar eins og áður, þótt horft sé á mig.

Áður fannst mér ég vera þó nokkuð menntaður maður. En nú finn ég að þekking mín hefur verið ósköp lítil. Þó held ég að sú þekking sem ég hafði aflað mér, komi mér hér að nokkru gagni. Ég er fljótari að átta mig, og mér gengur betur að setja mig inn í ýmislegt hér, heldur en þeir, sem enga þekkingu hafa, er þeir koma hingað. Hér er margt að læra. Hér eru skólar. Og mjög færir menn veita hér leiðsögn.

*Ingvar Agnarsson ritaði.*

# Lífgeislar

Útgefandi: FÉLAG NÝALSSINNA

Alfhólsvegi 121, Kópavogi, sími 40765. Pósthólf 1159, Reykjavík.

Ritstjóri: INGVAR AGNARSSON

## EFNISYFIRLIT

### ERINDI OG GREINAR:

Ljómþokan mikla í Orion (Sjá forsíðumynd) I. A. ...	Bls.	38
Framhald hinnar íslensku fornsagnaritarunar P. J. ....	—	39
Lífgeislalækningar I. A. ....	—	47
Um draumaskoðun Sigurðar Bjarnasonar, skálds I. A. ....	—	52
Fyrirburðafraeði P. G. ....	—	54

### LJÓÐ:

Ásareiðin G. Th. ....	—	55
-----------------------	---	----

### DRAUMAR:

Nytjajurt á öðrum hnetti. — Draumur (m/mynd) I. A. ....	—	58
Draumur um bjartan hnött Þorb. Jónss. ....	—	61
Andlit „mitt“ í spegli. — Draumur Þorb. Jónss. ....	—	62
Draumur um mann með langt nef Þorb. Jónss. ....	—	63
Draumur um sérkennilegt dýr I. A. ....	—	64
Samtal um stjörnusambandsstöð I. A. ....	—	64

### SAMBANDSFUNDIR:

Miðilsfundur 13. apríl 1967 (Brot) ....	—	66
Prúður Jónsdóttir.		
Miðilsfundur 20. apríl 1967 (Brot) ....	—	66
Eiríkur Guðmundsson. — Sæmundur Böðvarss. — Lofn.		
Miðilsfundur 8. maí 1967 (Brot) ....	—	67
Helgi Pjeturss.		
Miðilsfundur 11. maí 1967 (Brot) ....	—	67
Ljúfilingur. — Þór. — Prúður Jónsdóttir.		
Miðilsfundur 15. maí 1967 (Brot) ....	—	68
Eiríkur Guðmundsson. — Burdlik.		
Miðilsfundur 22. maí 1967 (Brot) ....	—	69
Eiríkur.		
Miðilsfundur 25. maí 1967 (Brot) ....	—	69
Sigríður frá Heylæk.		
Miðilsfundur 19. júní 1967 (Brot) ....	—	70
Sigríður frá Heylæk.		
Miðilsfundur 17. júlí 1967 (Brot) ....	—	70
Eiríkur Guðmundsson.		
Miðilsfundur 20. júlí 1967 (Brot) ....	—	71
Sigríður frá Heylæk.		
Miðilsfundur 14. ágúst 1967 (Brot) ....	—	71
Ónefndur maður. — Jón Sigurðsson.		

Leiðréttingar I. A. ....	—	54
--------------------------	---	----